



Meltingarsetrið ehf - speglanir

Þönglabakka 6, 109 Reykjavík

Sérfræðingar í meltingarsjúkdómum

Einar Oddsson - Hallgrímur Guðjónsson - Jón Örvar Kristinsson - Óttar Bergmann - Sigurður Ólafsson - Steingerður Gunnarsdóttir

LEIÐBEININGAR UM UNDIRBÚNING FYRIR RISTILSPEGLUN MEÐ MOVIPREP

Dagsetning speglunar: _____ kl. _____

Ef þú vilt leita nánari upplýsinga eða þarft að breyta tímanum, vinsamlegast hafðu þá samband við **LÆKNASETRID Þönglabakka 6, 109 Reykjavík, sími 535-7700, Fax 535-7794** eða setrid@setrid.is. Upplýsingar má einnig finna á heimasíðunni: www.setrid.is

Ef lækni þinn gefur ekki fyrirmæli um annað skal hætta notkun Persantíns einni viku fyrir speglunina vegna blæðingaráhættu. Ef þú ert á blóðþynningu (Kóvar), Plavix eða Pradaxa láttu þá lækni þinn vita.

Í eina viku fyrir rannsókn:

Forðast trefjar, gróf fræ, kiwi og annað grófmæti. Notirðu járntöflur þarftu að gera hlé á notkun þeirra.

Tært fljótandi fæði í 2 daga/48 klst. fyrir speglun „Tærir vökvar“ eru t.d. vatn, tærar súpur (t.d. súputeningar), ávaxtasafar án aldinkjöts, ávaxtahlaup („jello“), gosdrykkir (ekki kók), svart kaffi eða te. Mikilvægt er að líkaminn fái nægilegan sykur og því ber að forðast sykurlausa drykki. Neytið ekki mjólkurvara eða fastrar fæðu.

Dagur 1:

Tært fljótandi fæði. Drekkja minnst 2 lítra yfir sólarhringinn.

Dagur 2 – dagurinn fyrir rannsóknina:

Áfram tært fljótandi fæði.

1. Moviprep vökvi er blandaður með vatni í 1 lítra (skammtasett 1, poki A og B).
2. Byrja að drekka úthreinsiblönduna kl. 17.
3. Drekkja 50-100 ml af blöndunni á 10-15 mín fresti.

Gott er að nota sogrör og hafa úthreinsivökvann kældann. Mörgum þykir vökvinn bragðvondur og getur þá brjóstsykur hjálpað. Gott að hreyfa sig t.d. ganga um. Æskilegt er að fá sér að drekka vel af tærum vökvum.

Dagur 3 - skoðunardagur:

Áfram tært fljótandi fæði. Byrja daginn á því að drekka og drekka vel fram að speglun.

Moviprep vökvi er blandaður á sama hátt með vatni í 1 lítra (skammtasett 2, poki A og B).

Þú þarft að byrja snemma og ljúka við að drekka blönduna tveimur klst. fyrir speglun. Gerðu ráð fyrir að drekka hana á um einni og hálfri klst. Ef speglun er kl. 08:30 þarftu að byrja að drekka um kl. 05:00. Vökvinn sem gengur niður á að vera tær og tægjulaus.

Ef framkvæma á bæði maga- og ristilspeglun fyrir kl. 11, drekkið þá allan Moviprep vökvann deginum áður. Ef fyrirhugað er að gera magaspeglun á undan ristilspegluninni á að fasta í a.m.k. 4 klst. Mikilvægt er að drekka vel allan undirbúningstímann.

Mundu að ef gefin er kæruleysissprauta ert þú ófær um að aka bíl eða stýra tækjabúnaði í 6 klst.